

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

AUKAFUNDUR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022 6.5.2022

Árið 2022, föstudaginn 6. maí 2022 kl. 9:45, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í Heydal.

Mættir voru á fundinn:

Samúel Kristjánsson oddviti, Karl Guðmundur Kjartansson, Guðmundur Birgir Ragnarsson, Ragnheiður Baldursdóttir, Jóhanna Kristjánsdóttir.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð rafrænt.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

2. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2021 – fyrri umræða

Fyrri umræðu ársreiknings Súðavíkurhrepps 2021 lokið án athugasemda.

3. Önnur mál löglega upp borin

a. Byggðakvótareglur fyrir fiskveiðiárið 2021/2022.

Karl Guðmundur Kjartansson vék af fundi undir þessum lið.

Súðavíkurhreppur mótmælir þeirri niðurstöðu Matvælaráðuneytis um að afnema ekki vinnsluskyldu vegna byggðakvóta 2021/2022 og áskilur sér rétt til frekari röksemda fyrir þeirri ákvörðun. Ákvörðun um næstu skref ákvörðuð á fundi sveitarstjórnar að viku liðinni.

b. Erindi frá Agli Bjarana Vikse Helgasyni – umsókn um lóðarleigu við Njarðarbraut.

Karl Guðmundur Kjartansson kom aftur inn á fundinn. Sveitarstjórn stefnir á að gámasvæði verði til framtíðar á geymslusvæði ofan Grundar í landi Saura. Sveitarstjórn veitir tímabundið leyfi þar til aðgengismál að geymslusvæði eru komin í viðunandi horf, en ekki eru áform um að leigja svæðið út.

c. Erindi frá Orkubúi Vestfjarða vegna uppsetningar á hleðslustöð í Hvítanesi.

Erindi verður sinnt í samræmi við uppsetningu Tesla hleðslustöðva með Bláma.

d. Erindi – beiðni um göngustíg við Þjóðveg vegna vaxandi atvinnu og umsvifa á Langeyrarsvæði.

Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjóra verði falið að leita samninga við Vegagerðina um að leggja göngustíg meðfram Þjóðvegi inn að Langeyri.

e. Umsagnarmál til kynningar. Lögð fram til kynningar.

482. mál frá nefndarsviði Alþingis - frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga

530. mál frá nefndarsviði Alþingis - frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur)

582. mál frá nefndarsviði Alþingis - frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunar-kostnaðar (umhverfivæn orkuöflun)

f. Göngustígur frá Holtagötu niður að Vallargötu – lýsing.

Sveitarstjóra falið að láta setja upp lýsingu á stíginn milli Holtagötu að Vallargötu norðan við knattspyrnuvöll.

g. Lagt fram til kynningar – yfirlit frá Reykhólahreppi yfir kjör sveitarstjórnarfulltrúa og viðmið fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmenn í nefndum Súðavíkurhrepps.

Lagt fyrir næsta fund sveitarstjórnar að ákvarða kjör sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna í Súðavíkurhreppi fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:45

Jóhanna Kristjánsdóttir

Ragnheiður Baldursdóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Guðmundur Birgir Ragnarsson

Samúel Kristjánsson
oddviti

